

## REGLUR

### um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota.

#### 1. gr.

Heimilt er að leggja á gjald vegna stöðvunarbrota sem tilgreind eru í 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga.

Gjald þetta má ekki leggja á ef stöðvun eða lagning ökutækis hefur haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina, en þau brot eru refsiverð sbr. 2. mgr. 100. gr. laganna.

#### 2. gr.

Gjald vegna stöðvunarbrots skal lagt á með tilkynningu á þar til gerðu eyðublaði sem sá er álagningu annast lætur í té. Skal tilkynningin fest við ökutæki eða afhent öikumanni.

Á tilkynningu skal taka fram hvar og hvenær brot átti sér stað, hvert brot er, auðkenni ökutækis, svo sem skráningarnúmer og tegund (gerð), og hvert gjald er á lagt og hvert það renni.

Par skal og taka fram hvar og hvernig gjaldið megi greiða og hvernig með mál verði farið ef greiðsla dregst.

#### 3. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður og auglýsir fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.

Hafi gjald ekki verið greitt þegar 14 dagar eru liðnir frá álagningu þess hækkar það um 50%.

#### 4. gr.

Hafi gjald ekki verið greitt innan 14 daga frá álagningu þess má innheimta það í samræmi við ákvæði 109. gr. umferðarlaga þegar liðnir eru 14 dagar frá því að tilkynning um innheimtu barst eiganda ökutækisins eða umráðamanni.

Mótbáru eða varnir vegna álagðs gjalds skulu hafa borist þeim sem annast innheimtu gjaldsins innan sama tíma.

#### 5. gr.

Dómsmálaráðherra auglýsir á vegum hvaða sveitarfélaga álagning og innheimta gjalds vegna stöðvunarbrota fer fram.

Tekjum sveitarfélags af innheimtu gjaldsins skal verja til þess að gera og reka bifreiðastæði og bifreiðageymslur til almenningsnota.

#### 6. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 108. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.*

**Jón Sigurðsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*